



Quentin Bates ákvað að vikka sjóndeildarhringinn áður en hann færi í framhaldsnám og kynnast heiminum. Fyrir valinu varð Ísland og árið var 1979 – dvölin varð lengri en hann óraði fyrir.

Mynd: Tony Prower.

BÓKIN FROZEN OUT GEFIN ÚT Í PREMUR LÖNDUM:

# Krimmi sem gerist í íslenska bankahruninu

Morð, spilling og hrun fjármálakerfisins á Íslandi eru umfjöllunarefni breska blaðamannsins Quintins Bates í nýrri glæpasögu sem gefin hefur verið út í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Þetta er fyrsta bók rithöfundarins sem nefndur hefur verið tengdasonur Skagastrandar.

VIÐTAL: EIRÍKUR ST. EIRÍKSSON

Bankahrunið á Íslandi er vettvangur í nýjum spennutrylli, bókinni *Frozen Out*, sem gefinn er út í þremur löndum; Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Bókin er eftir breska blaðamanninn Quentin Bates og er þetta fyrsta bók hans. Þekkt forlög í þessum löndum sóttust eftir að gefa bókina út. Bates bjó á Ísafirði og Skagaströnd í nokkur ár og er giftur íslenskri konu; frá Skagaströnd. Þess vegna hefur hann verið nefndur tengdasonur Skagastrandar. Aðalsöguhetjan er Gunnhildur lögregluvarðstjóri í sjávarþorpinu Hvalvík á suðvest-

urströnd landsins. Lík finnst í höfninni á staðnum og þótt flest bendi til þess að maðurinn hafi látist af slysförum og lagt sé að Gunnhildi af yfirmönnum hennar að ljúka málinu með hraði vakna fljótlega grunsemdir með Gunnhildi um að dauði mannsins hafi verið af manna völdum. Rannsókn hennar leiðir hana frá hinu kyrrláta sjávarþorpi inn í skuggaheim alþjóðlegra fjármála- viðskipta, ofbeldis og spillingar innan ríkisstjórnar landsins. Bókin heitir *Frozen Out* og er gefin út af Constable & Robinson-forlaginu í Bretlandi. Í Bandaríkjunum er nafn bókarinnar *Frozen Assets*

en útgefandi þar er Soho Press. Í haust mun bókin síðan koma út á þýsku hjá Lübbe Verlag undir nafninu In Eisigem Wasser er nafn bókarinnar. Quentin Bates fæddist í Suður-Englandi árið 1962 og ólst þar upp. Að loknu hefðbundnu, lögbodnu skólanámi ákvað hann, líkt og tíðkast meðal námsmanna í Bretlandi og víðar, að verja einu ári (gap year) til að vikka sjóndeildarhringinn og kynnast heiminum áður en hugað væri að framhaldsnámi. Fyrir valinu varð Ísland og árið var 1979 eða sama ár og Margaret Thatcher tók við stjórnartaumunum í Bretlandi.


„Eftir á að hyggja var þetta rétti tíminn til að flýja Bretland,“ segir Bates. Hann óraði þó ekki fyrir því á þeim tíma að fyrirhuguð eins árs sjálfvalin útleög myndi standa næsta áratuginn og rúmlega það. Leiðin lá til Ísafjarðar en þar kynntist hann ástinni og eiginkonu sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur frá Skagaströnd. Á Ísafirði fæddust þeim dæturnar Sýlvía, sem nú er í meistaranámi í neðansjávarfornleifafræði í Danmörku, og Sólrún sem býr í Englandi. Þar er sonurinn Thomas fæddur. Bates starfaði fyrst um nokkurra ára skeið hjá Netagerð

Vestfjarða á Ísafirði og í framhaldi hjá ýmsum fiskvinnslum á staðnum. Hann var háseti á rækjutogaranum Halþór RE á og þaðan lá leiðin yfir á togarann Pál Pálsson ÍS þar sem hinn kunni aflamaður og síðar forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins og alþingismaður Guðjón A. Kristjánsson var þá við stjórnvölinn. „Ég tók fyrsta stig stýrimanna-skólans á Ísafirði og í framhaldinu var ég stýrimaður og kokkur á Guðnýju ÍS til skiptis þar til við hjónin ákváðum að flytja til heimabæjar hennar, Skagastrandar, þar sem ég fékk vinnu á togaranum Örvari HU en hann og Akureyrin EA voru þá einu frystitogarar landsmanna. Guðjón Ebbi Sigtryggsson, skipstjóri á Örvari, hvatti mig til þess að taka annað stig stýrimanna-skólans. Það gerði ég á Dalvík og varð síðan 2. stýrimaður á Örvari. Árið 1990 ákváðum við hins vegar að flytja til Suður-Englands og reyna fyrir okkur þar,“ segir Bates. „Ég datt svo inn í blaðamennsku fyrir algjöra tilviljun og frá árinu 1999 hef ég verið í fullu starfi hjá sjávarútvegstímaritinu Fishing News International,“ segir Bates en þess má geta að undanfarin ár hefur hann verið ritstjóri tæknimála og -nýjunga hjá þessu útbreidda blaði.

Las yfir bækur Arnalds fyrir breskt bókaforlag

En hvað verður þess valdandi að fyrirverandi netamaður, fiskvinnslumaður, sjómaður, vörubílstjóri, kennari og núverandi blaðamaður ákveður að skrifa íslenska glæpasögu? „Það á sér langan aðdraganda og hefur sennilega blundað með mér um árabíl. Sjálfur hef ég reyndar ekki lesið mikið af „krimmum“ en ég hef samt alltaf haft gaman af því að lesa reyfara af og til og þá helst evrópskar glæpasögur eftir höfunda eins og Sjöwall og Wahlö, Simenon og fleiri. Fyrir um áratug eða svo atvikaðist það þannig að starfsmaður hjá bresku bókaforlagi bað mig að lesa bók eftir óþekktan íslenskan höfund og gefa álit mitt á henni. Þetta var fyrsta bók Arnalds Indriðasonar, Synir duftsins, og ég gat ekki annað en gefið henni góð meðmæli. Ári eða tveimur árum síðar var ég beðinn að lesa aðra bók eftir sama höfund, Napóleonskjöl-in, og ég skilaði forlaginu

jákvæðri umsögn þar sem ég rakti söguþráðinn í stuttu máli og skýrði út á hvað fléttan í bókinni gengi. Eitthvað hefur þetta haft að segja því umrætt forlag er enn að gefa út bækur Arnalds í Bretlandi,“ segir Bates en hann segir að hinar góðu viðtökur við bókum Arnalds, og reyndar fleiri norrænna glæpasagnahöfunda í hinum enskumælandi heimi, hafi opnað augu sín fyrir því að markaður væri fyrir fleiri bækur af svipuðum toga. Það var svo fyrir nokkrum árum sem Bates laumaðist á háskólanámskeið í skáldsögukskrifum að hreyfing komst á málín. „Því fór reyndar fjarri þá að hugmyndin væri sú að skrifa íslenskan krimma heldur leit ég á námskeiðið sem kærkomið tækifæri til þess að eyða einum eftirmiðdegi í viku við að skrifa og hugsa um eitthvað allt annað en ég gerði í vinnunni. Reyndar var það ekki fyrr en rétt áður að ég þurfti að gera það upp við mig um hvað ég vildi skrifa, að hugmyndin um íslensku glæpasöguna vaknaði að nýju. Afraksturinn var frumdrögin




Bankahrunið á Íslandi er vettvangur í nýjum spennutrylli, bókinni *Frozen Out*.

að *Frozen Out* sem voru tilbúin árið 2006,“ segir Bates. Hann segir að eina leiðin fyrir óþekktu rithöfunda í Bretlandi til þess að koma verkum sínum á framfæri við bókaforlögin sé að vera með góða umboðsmenn. Þeir fái prósentur af höfundarlaunum og hann hafi verið svo lánsamur að komast í samband við umboðsmann sem hafði trú á verkefninu.

Tengdasonur Skagastrandar

Bates talar góða íslensku og hefur fylgst náið með þjóðfélags- umræðunni allt frá því að hann kom fyrst til landsins fyrir rúmum þremur áratugum. Eftir að hann

fluttist til Englands hefur hann komið til landsins að jafnaði tvisvar til þrisvar á ári, ýmist vegna vinnu sinnar eða með fjölskyldunni til þess að heimsækja ættingja Guðrúnar á Skagaströnd og víðar. Hann segir að Guðrún hafi hlegið sig máttlausa þegar ég sagðist myndu kynna hann sem „tengdason Skagastrandar“ í þessu viðtali. „Ég varði miklum tíma á Íslandi árið 2008 og þær gríðarlegu hræringar, sem voru í gangi í þjóðfélaginu þá, fóru ekki framhjá mér. Í nokkrum heimsóknum til landsins það ár sá ég umskiptin frá „business-as-usual“ yfir í algjöra og alvöruþrungna þögn vegna yfirvofandi bankahruns. Handritið að *Frozen Out* var þá tilbúið en ég ákvað að umskrifa það með það fyrir augum að sagan gerðist í aðdraganda hrunsins og næði hámarki í hinni brjáluðu viku í byrjun október þegar bankamennirnir urðu loksins að viðurkenna að þeir höfðu spilað með annarra manna fé og tapað öllu. Í kjölfarið fylgdi óvissan, reiðin og laskað þjóðarstolt. Ég vildi ekki að sagan gerðist alfarið í Reykjavík, heldur einnig á landsbyggðinni og niðurstaðan var sú að hið ímyndaða sjávarþorp Hvalvík á Reykjanesi varð til. Hvalvík er ætlað að vera nærri Grindavík en sá góði bær er þó engan veginn eina fyrirmyndin, heldur er þetta ímyndaða þorp samsuða upplifunar minnar af heimsóknum og dvöl í fjölmörgum sjávarbyggðum um land allt.“ *Frozen Out* kom út í Bretlandi í janúar sl. og í sama mánuði kom sama saga út í Bandaríkjunum undir nafninu *Frozen Assets*. Hvers vegna sitt hvort nafnið og hverjar hafa viðtökurnar verið? „Bókin átti að heita *Frozen Assets* en því nafni var breytt á síðustu stundu í Bretlandi vegna þess að mönnum hjá forlaginu þótti það vera of viðskiptalegs eðlis. Þá var allt á lokastigi í útgáfumálunum í Bandaríkjunum og stjórnendur Soho Press vildu ekki breyta nafninu til samræmis við bresku útgáfuna. Viðtökurnar hafa verið ágætar og ég tel mig



Bókin er eftir breska blaðamanninn Quentin Bates.

njóta þess að það er mjög mikill áhugi á norrænum glæpasögum um þessar mundir og þá ekki síst eftir þá gríðarlegu athygli sem glæpaþríleikur Stiegs Larssons hefur vakið. Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir eru þegar viðurkennd á meðal fremstu rithöfunda á sínu sviði en listinn yfir glæpasagnahöfunda frá Norðurlöndunum er mun lengri. Sjálfur held ég að áhuginn á norrænum „krimmum“ sé fráleitt nokkur bóla. Lesendur þessara bóka eru þekktir fyrir að standa með sínum mönnum í gegnum þykkt og þunnt og vonandi eignast Gunna löggá í Hvalvík sína tryggu aðdáendur. Næsta bók, sem er framhald af *Frozen Out*, er tilbúin en hún heitir *Cold Comfort*. Hún verður gefin út hjá sömu forlögum í Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi á næsta ári. Þriðja bókin, sem fær nafnið Chilled to the Bone, er í vinnslu og hún verður vonandi tilbúin fyrir haustið. Síðan er ég búinn að leggja drög að fjórðu og fimmtu bókinni um Gunnhildi og ævintýri hennar. Umboðsmaður minn bað mig vinsamlegast að yngja Gunnu löggu upp í þeim bókum, fara tíu ár aftur í tímann eða svo, til þess að tryggja henni viðunandi starfsævi og koma í veg fyrir að hún fari of snemma á eftirlaun,“ segir Quentin Bates. <sup>tv</sup>

**Quentin Bates var m.a. á togaranum Páli Pálssyni ÍS þar sem hinn kunni aflamaður og síðar alþingismaður Guðjón A. Kristjánsson var þá skipstjóri.**